



Vegagerðin flytur í Garðabæinn

● Leigir endurbætt húsnæði á Suðurhrauni 3 ● Höfuðstöðvar hafa verið í Borgartúni í nær 80 ár

BAKSVIÐ

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is



Vegagerðin er ríkisfyrirtæki sem allir landsmenn þekkja. Stofnunin hefur allt frá upphafi haft höfuðstöðvar í Reykjavík og jafnan tengd Borgartúni 5-7 enda verið þar með starfsemi í tæp 80 ár, eða allt frá árinu 1942. En nú verða sögulegar breytingar því Vegagerðin mun á næstu misserum flytja í Suðurhraun 3 í Garðabæ.

Það hafði staðið til í langan tíma að finna nýtt húsnæði fyrir Vegagerðina en í kjölfar bankahrunsins 2008 voru slík áform lögð til hliðar.

Það var svo árið 2018 að Framkvæmdasýsla ríkisins auglýsti eftir húsnæði fyrir Vegagerðina. Meðal þeirra sem skiluðu tilboði var fasteignafélagið Reginn sem bauð Suðurhraun 3. Varð niðurstaðan eftir talsverða skoðun að semja við fyrirtækið.

Það var svo hinn 13. mars síðastliðinn að Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, og Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins hf., skrifuðu undir samkomulag um byggingu nýrra höfuðstöðva Vegagerðarinnar við Suðurhraun í Garðabæ. Reginn mun byggja húsnæðið og eiga en Vegagerðin leigja til langs tíma. Eldra húsnæði í Suðurhrauni verður nýtt að einhverju leyti en mestmegnis er um nýsmíði að ræða. Alls er um að ræða 6.000 fermetra skrifstofu- og geymsluhúsnæði. Þá er 9.000 fermetra útsvæði á lóðinni.

Með nýjum höfuðstöðvum verður starfsemi Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu sameinuð á einn stað en hún er nú á þremur stöðum; í Borgartúni, Vesturvör í Kópavogi og í Hringhelli í Hafnarfirði.

Húsnæðið í Borgartúni er gamalt og hentar illa fyrir starfsemi Vegagerðarinnar, að því er fram kemur í frétt á heimasíðu fyrirtækisins. Nýja húsnæðið taki fullt mið af þörfum Vegagerðarinnar. Þar muni allir vinna í opnu rými, lögð verði



Morgunblaðið/sisi

Suðurhraun 3 Svona lítur húsið út í dag. Það verður byggt upp frá grunni.



Morgunblaðið/Ófeigur

Borgartúnið Þarna hefur Vegagerðin verið með starfsemi sína í tæp 80 ár.



Mynd/Reginn

Eftir uppbyggingu Svona mun húsið líta út eftir niðurrif og endurbætur. Mestmegnis verður um nýsmíði að ræða.

áhersla á birtu og hljóðvist og mismunandi verkefni starfsmanna.

Bergþóra Þorkelsdóttir sagði af þessu tilefni að þetta væri stór dagur fyrir Vegagerðina enda hefði

verið stefnt að því lengi að komast í nýtt húsnæði. Helgi S. Gunnarsson sagði að allt að 100 manns yrðu í vinnu við þetta verkefni þegar mest yrði. Undirbúningur hafi staðið yfir

og framkvæmdir hefjist strax. Ætlunin sé að vinna verkið hratt og ljúka því á 12 mánuðum. Veirufaraldurinn kann mögulega að valda einhverri röskun á verkinu.

Sem fyrr segir hefur Vegagerðin verið með starfsemi í Borgartúni í tæp 80 ár. Húsið Borgartún 5 og verkstæðisbyggingarnar risu 1942 og var þá grófstarfsemin flutt af Klapparstíg 2 (lóðin á mótum timburverkstæðinu Völundi). Árið 1964 fluttu skrifstofurnar af Laugavegi 114 í Borgartún.

Borgartún 7 er skráð 7.480 fermetrar og Borgartún 5 er 2.707 fermetrar. Húsin eru í eigu ríkissjóðs Íslands.

Sólrún Jóna Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri Ríkiseigna, upplýsir að í 6. grein fjárlaga undanfarin ár hefur verið til staðar heimild til að selja Borgartún 5-7. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með hin formlegu eignarráð fyrir hönd ríkissjóðs og tekur ákvarðanir um kaup og sölu á eignum ríkisins á grundvelli fjárlagaheimildarinnar.

„Gert er ráð fyrir að tekin verði heildstæð ákvörðun um eignirnar og reitinn nú þegar fyrir liggur að Vegagerðin muni flytja úr húsnæðinu á næsta ári. Til greina kemur að selja eignirnar á almennum markaði ef markaðstæður eru réttar. Þá kemur það einnig til skoðunar að byggja upp heildstætt og nútímallegt stofnanaumhverfi á reitnum með samræmdu tækni- og verkunum,“ segir Sólrún Jóna.